



## DAGSKRÁ ÞINGS

### 1. Þingsetning og minningarorð:

Geir Kristinn formaður ÍBA setur þingið. Útskýrir framkvæmd þings fyrir þinggestum.

### Látnir félagar:

Hörður Þorsteinsson, Eik,

Hulda Vilhjálmsdóttir, GA

María Daníelsdóttir, GA

Björgvin Þorsteinsson, GA

Eyjólfur Ágústsson, GA

Ágúst Herbert Guðmundsson, Þór

Hilmar Henry Gíslason, Þór

Sigurður Bárðarson, Þór

### 2. Þingforseti og þingritari kjörnir:

Ingvar Gíslason kosin þingforseti og Inga Stella Pétursdóttir þingritari. Ingvar tekur við stjórn þingsins. Farið yfir löggildingu þingsins sem boðað var með löglegum hætti.

### 3. Heiðranir:

Stjórn ÍBA ákvað á fundi þann 4. apríl 2022 að gera þá Þröst Guðjónsson og Hauk Guðjón Valtýsson að heiðursfélögum ÍBA. Þröstur er fjarverandi og verður því heiðraður síðar við tækifæri. Haukur tekur við viðurkenningum.

### 4. Ávarp gesta:

**Eva Hrund Einarsdóttir tekur til máls.** Í upphafi fómennsku hennar var mikill og þungur rekstur sveitafélagsins og því tók við mikil tilltekt í rekstri sem var tekið betur en von var á. Í dag er mikill uppgangur í ýmsum málum eins og hjá Skautafélaginu og KA. Sameining félagar er ennþá í farabroddi hjá bænum til að reyna að koma í veg fyrir að sjálfboðaliðar lendi ekki í of mikilli vinnu. 100 íþróttatengdir viðburðir eru haldnir í bænum á ári. Unnið er að ferli hvernig bærinn getur á sanngjarnan og gagnsæan hátt stutt við þessa viðburði og að öllum beiðnum verði beint í einn og sama farveg. Ekki tókst að setja á stað frístundaráritu en bærinn styrkir nú þau félög sem tóku sjálf upp á því að bjóða upp á slíkan akstur.

**Ómar Bragi Stefánsson, fulltrúi UMFÍ.** Markmið UMFÍ hefur verið að gera unmenningarfélagið sýnilegra og liður í því er að fá bandalög með sér í lið. Farin var kynningaferð um landið og farið yfir verksvið UMFÍ.

**Viðar Sigurjónsson, ÍSÍ:** Sendir kveðju frá Forseta ÍSÍ. Viðar ítrekar að hann sinnir landinu öllu en er oftast við á skrifstofu milli klukkan 8-16. Ítrekar mikilvægi fyrirmyndafélags. Minnir á þjálfaranámskeiðin sem eru í boði innan ÍSÍ í fjanámi og mikilvægur hluti af 1. stigi þjálfunar í öllum íþróttagreinum.

**Haukur Valtýsson, heiðursfélagi:** Þakkar fyrir þann heiður sem honum er sýndur. Sat í stjórn ÍBA í allnokkurn tíma og síðar í stjórn UMFÍ þar sem hann fann mikilvægi þess að tengja héraðssambönd við UMFÍ og efla tengingu við sveitafélögin.

## 5. Erindi:

**Sævar, hnefaleikadeild Þór: Samruni við Íþróttafélagið ÞÓR:** Hnefaleikafélagið var stofnað 2015. ÍBA fór að ræða sameiningar við félagið sem tók því alvarlega og fór að skoða möguleikana sem voru í boði. Þeir leituðu svo til Íþróttafélagsins ÞÓR. Bæði félögin fengu leyfi aðalfunds til að fara í sameiningar en ÍSí dæmdi í upphafi sameininguna ólöglega þrátt fyrir að margoft hafi verið leitað til þeirra með aðstoð. Í framhaldinu var farið í að útbúa leiðbeiningar (6 mismunandi leiðir færar) fyrir félög til að sameinast. Lögleg sameining gekk svo í gegn 2020. Ávinningurinn var töluverður í þessa tilfelli. Þeir fengi áður litlar sem engar lottotekjur (1%) sem rennur í hýtuna þannig að það var ekki missir af þeirri innkomu. Þjónusta sem í boði var jókst varðandi bókhald, launagreiðslur, ársreikning, FELIX og fl. Hnefaleikafélagið týndist ekki undir Þór eins og margir óttast að gerist við sameiningu við stærra félag, þeir eru sýnilegir á heimasíðu og í raun er vettvangur til að nálgast nýja iðkendur stærri. Fomaður Judódeildar KA (úr sal) tekur undir þessa reynslu við sameiningu við KA.

**Ingvar Gíslason þingforseti tekur sjálfur til máls:** Ítrekar að utanumhald sé mun betra undir stærri félögum og tenging við bæinn betri. Hvetur félög til að leita til Þór eða KA, þar séu góðir „foreldrar“ til að leita ráða hjá.

**Niðurstaðar kjörbrefanefndar: Tryggvi, Nökkva:** Vantar einn þingfulltrúa, 8 konur eru skráðar sem eru 25% af þingfulltrúum.

## 6. Skýrsla stjórnar:

Geir Kristinn tekur til máls og fer yfir skýrslu stjórnar. *Sjá Fylgiskjal 1: Ársskýrslu Stjórnar ÍBA.*

## 7. Ársreikningur ÍBA:

Geir Kristinn tekur til máls. *Sjá Fylgiskjal 2: Árssreikninga ÍBA.* Síðasta ár skilar hagnaði og helstu ástæður eru að ekki hefur verið hægt að ferðast, halda fræðsluerindi, formannafundi og aðra árlega viðburði vegna COVID 19.

## 8. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga:

**Hörður Þorsteinsson úr framkvæmdastjórn ÍSí tekur til máls.** Talar um áhrif Covid á hreyfinguna. Úthlutunarstyrki, brottfall og önnur áhrif. Fjallar um þau ofbeldismál sem hafa verið að koma upp innan hreyfingarinnar og hversu mikilvægt sé að útbúa siðareglur til að óæskileg hegðun verði ekki til staðar í hreyfingunni.

*Ársskýrsla og ársreikningar bornir upp til samþykktar og samþykktir samróma.*

## 9. Lagabreytingar:

*Sjá tillögur að lagabreytingum í fylgiskjali.* Athugasemd gerð við tillögu um breytingar á fjölda þingfulltrúa. Þessi breyting hefur áhrif á minni félög þó stærri félög nái ekki að fullmanna sína þingfulltrúa eftir núverandi lögum.

## 10. Tillögur:

*Sjá tillögur í fylgiskjali.* 4 tillögur liggja fyrir og allar frá ÍBA.

1. Reglugerð um Íþróttamann Akureyrar.
2. Lottóreglugerð.

3. Prentun ársskýrslu ÍBA.
4. Pakkartillaga ÍBA.  
Lagt til að tveim fyrri tillögum sé vísað í laganefnd og tveim síðari í alsherjanefnd.  
Þingforseti vill vísa annari tillögu einig til alherjarnenfdar.

## 11. *Fjárhagsáætlun ÍBA:*

Geir Kristinn fer yfir fjárhagsáætlun áráanna 2023 og 2024. *Sjá fylgiskjal nr. 5.*

## 12. *Kaffihlé og nefndarstörf:*

Boðið upp á sveppasúpu og brauð ásamt kaffi ávöxtum og salati.

## 13. *Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla:*

**Fjárlaganefnd:** *Fjárhagsáætlun samþykkt einróma.*

**Allsherjanefnd:** Allar tillögur að breytingum samþykktar eins og lagt til, en lagt til að bæta við í þakkarræðu þökkum til sjálfboðaliða. *Samþykkt einróma.*

**Laganefnd:** Aðal umræður sköpuðust um 5. og 10. grein í lögum ÍBA.

Samþykktar tillagðar breytingar: 1. grein, 2. grein, 3. grein, 4. grein, 5. grein, 6. grein, 9. grein, 11. grein, 12. grein, 13. grein, 15. grein, 17. grein fellur út, 18. gr. verður nr. 17.

Tillaga að breytingu á 10. gr. hafnað (óbreytt úr lögum).

Tillögum að breytingum á reglugerð um íþróttamann Akureyrar og lottóreglugerð samþykktar.

## 14. *Kosningar:*

Tillaga frá uppstillinganefnd er að Geir Kristinn Aðalsteinsson sitji áfram sem formaður. Aðrir stjórnarnenn verði Birna Baldursdóttir, Jón Steindór Árnason, Ómar Kristinsson og Sigrún Árnadóttir og varamenn Jóna Jónsdóttir og María Aldís Sverrisdóttir. Engin mótframboð komu úr sal. Tillaga uppstillingarnefndar er samþykkt. Úr stjórn fara Ármann Ketilsson, Erlingur Kristjánsson og Inga Stella Pétursdóttir. Erlingur þurfti að yfirgefa þing í hlé og var þá afhent blóm og gullmerki ÍBA. Ármanni og Inga Stellu eru þökkuð störf í þágu hreyfingarinnar og afhent blóm og silfurmerki ÍBA.

## 15. *Önnur mál:*

**Unnsteinn:** Vekur máls á að bærinn standi ekki við undirritaða samninga sem hækkuðu ekki eftir vísitöluhækkunar. ÍBA er falið að taka þessi orð Unnsteins og skora á bæinn að bregðast við.

**Viðar:** Tekur með sér að ÍSÍ skerpi á hugtakinu félagsmaður vs. lðkandi. Mun leggja áherlsu á að nýja skilakerfið verði orðið virkt sem allra fyrst.

## 16. *Þingslit:* klukkan 21:00.